



FÉLAG ÍSLENSKRA
LISTDANSARA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Nefndasvið, Austurstræti 8 – 10,
101 Reykjavík.

Reykjavík 28.nóvember 2020

Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun

Félagi íslenskra listdansara hefur borist til umsagnar stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um listamannalaun nr. 57/2009. Stjórn FÍLD styður inntak frumvarpsins heilshugar, eins og því er lýst í greinargerð en jafnframt vill stjórn vekja athygli nefndarinnar á því að *tímabundin fjölgun* mánaðarlauna í launasjóðum listamanna og hönnuða leysir ekki þann vanda sem staðið er frammi fyrir við árlega úthlutun listamannalauna. Fjöldi atvinnudansara og danshöfunda hefur vaxið stöðugt undanfarin ár með tilkomu Samtímadansbrautar við Listaháskóla Íslands sem og með tilkomu náms á meistarstigi við Sviðshöfundabraut LHÍ. Styðja þarf betur við atvinnuumhverfi listgreinarinnar og er veruleg þörf á varanlegri aukningu starfslauna til sviðslistarfólks, þá einkum með tilliti til fjölgunar á atvinnufólki danslistar í landinu.

Fjöldi mánaða í launasjóðum listamanna hefur staðið í stað frá árinu 2012. Stjórn FÍLD leggur til að gerð verði áætlun um varanlega fjölgun mánaða í launasjóðum listamanna til ársins 2025. Lagt er til að hækkunin verði sambærileg þeirri hækkun sem átti sér stað á árabílinu frá 2009 – 2012, þegar mánuðum var fjölgað um 400 á þriggja ára tímabili, (+125 árið 2010, +140 árið 2011 og +135 árið 2012). Sú hækkun yrði að mati stjórnar hófleg aðgerð, sem framkvæma mætti með eftirfarandi hætti:

2021 verði bætt við 150 mánuðum, úthlutað 2.150 mánuðum, sbr. fyrirbyggjandi frumvarpi

2022 verði bætt við 125 mánuðum, úthlutað 2.275 mánuðum

2023 verði bætt við 140 mánuðum, úthlutað 2.415 mánuðum

2024 verði bætt við 135 mánuðum, úthlutað 2.550 mánuðum

2025 verði bætt við 150 mánuðum, úthlutað 2.700 mánuðum

Í ljósi þess að ef mánuðum hefði verið fjölgað á árabílinu 2012 – 2020 með sambærilegum hætti og árin þrjú þar á undan (um ca 140 mánuði á ári í 8 ár), þá væru mánuðirnir orðnir 2.700, en hafa sem sagt staðið í stað allan þennan tíma í 1600 mánuðum.

Það er einnig fullt tilefni til að endurskoða upphæð listamannalauna og fyrirkomulag greiðslnanna. Um þessar mundir er upphæð listamannalauna um 410.000.- kr. á mánuði sem verktakagreiðsla. Gert er ráð fyrir að upphæðin dekki 67% starfshlutfall viðkomandi listamanns. Með tilliti til framfærsluviðmiða og menntunarstigs listamanna er núverandi upphæð of lág.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar,
Irma Gunnarsdóttir, formaður FÍLD